



Alþingi
Erindi nr. P 132/70
komudagur 18.11.2005

Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Ísafirði 16.11.2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi, 15. mál

Tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra að skipa í starfshóp fulltrúa þingflokka, atvinnulífsins og skólasamfélagsins sem vinni tillögur um átak til að efla starfsnám í framhaldsskólum, um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta og um stofnun fjöltækninámsbrauta innan tiltekinna fjölbrautaskóla. Markmið tillögunnar eru skv. greinargerð m.a. þau að efla starfsnám verulega, fjölga valkostum iðnmenntaðra og þeirra með styttri formlega skólagöngu til að bæta við menntun sína og draga úr brottfalli í framhaldsskólum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir stuðningi við efni framkominnar tillögu, nauðsynlegt er að efla starfsnám þar sem það hefur verið minni aðsókn í þær greinar síðastliðin ár. Jafnframt hefur dregið verulega úr námsframboði iðngreina á landsbyggðinni. Auka þarf sveigjanleika menntakerfisins þegar kemur að starfsnámi og meta starfsnámi til jafns við bóknám. Fjöldmörg dæmi eru um að nemendur hafi hætt starfsnámi vegna erfiðleika í einstökum námsgreinum.

Huga þarf sérstaklega að úrræðum til að efla starfsnám á landsbyggðinni, nemendur hafa þurft að leita til höfuðborgarsvæðisins til að geta fullnumið iðn sína, sem hefur valdið því að fólk snýr síður aftur til heimahaganna.

F.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Anna Lára Jónsdóttir

Anna Lára Jónsdóttir